

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/50/11

nr. 56/1999
frá 30. apríl 1999

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 40/1999 frá 26. mars 1999⁽¹⁾.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2121/98 frá 2. október 1998 þar sem settar eru nákvæmar reglur um beitingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 684/92 og (EB) nr. 12/98 að því er varðar skjöl vegna farþegaflutninga með hópbifreiðum⁽²⁾, skal felld inn í samninginn.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2121/98 fellir úr gildi frá 31. desember 1999 reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1839/92 frá 1. júlí 1992 um nákvæmar reglur um beitingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 684/92 að því er varðar skjöl vegna farþegaflutninga milli landa⁽³⁾, sem er hluti af samningnum og ber því að fella brott úr honum með gildistöku frá sama tíma.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

I. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 33b (reglugerð ráðsins (EB) nr. 12/98) í XIII. viðauka við samninginn:

„33c. **398 R 2121:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2121/98 frá 2. október 1998 þar sem settar eru nákvæmar reglur um beitingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 684/92 og (EB) nr. 12/98 að því er varðar skjöl vegna farþegaflutninga með hópbifreiðum (Stjtið. EB L 268, 3.10.1998, bls. 10).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) EFTA-rikin skulu viðurkenna bandalagsskjöl sem eru útgefin af aðildarríkjum EB í samræmi við reglugerðina. Vegna þessarar viðurkenningar skulu tilvísanir til „aðildarríkis(-ríkja)“, í ákvæðum bandalagsskjala í II., III., IV., V. og VI. viðauka við reglugerðina, vera til „aðildarríkis(-ríkja) EB, Íslands, Liechtensteins eða Noregs“ og í heitum skjala í II., III., IV. og V. viðauka skulu tilvísanir til „aðildarríkja“, vera til „ríkja sem eru annaðhvort aðildarríki EB eða EFTA-ríki“;
- b) bandalagið og aðildarríki EB skulu viðurkenna skjöl útgefin af Íslandi, Liechtenstein og Noregi í samræmi við reglugerðina og aðlögunarliði í c-lið eða sem vísað er til í c-lið;
- c) Ísland, Liechtenstein og Noregur skulu gefa út skjöl sem samsvara:
 - I. viðauka við reglugerðina,
 - öðrum viðaukum við reglugerðina, sem skulu gefnir út í samræmi við fyrirmyndina í 6. viðbæti við þennan viðauka.“

2. gr.

Viðbætur í viðauka við þessa ákvörðun verði 6. viðbætur við XIII. viðauka við samninginn.

3. gr.

Texti 33. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1839/92) og texti 3. viðbætis við XIII. viðauka við samninginn falla niður með gildistöku frá 31. desember 1999.

4. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2121/98 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 266, 19.10.2000, bls. 46 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 46, 19.10.2000, bls. 251.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 268, 3.10.1998, bls. 10.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 187, 7.7.1992, bls. 5.

5. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 23. júlí 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

6. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 30. apríl 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

F. Barbato

formaður.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/1999

6. VIÐBÆTUR

**SKJÖL SEM UM GETUR Í VIÐAUKUM VIÐ REGLUGERÐ
FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr. 2121/98, EINS OG HÚN VARAÐLÖGUEÐ
VEGNA EES-SAMNINGSINS**

(sjá aðlögunarlið c) í 33. lið í XIII. viðauka við samninginn)

II. VÞAUKI

Kápa

(Pappír — A4)

*Ritað á hinu opinbera tungumáli eða -málum eða einu hinna opinberu tungumála
EFTA-rikisins þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu*

ÚTGÁFURÍKI
- Auðkenni lands - ⁽¹⁾

Lögbært yfirvald

HEFTI nr.**með akstursskrám:**

- a) fyrir óreglubundna millilandaflutninga með hópþifreiðum milli ríkja sem eru annaðhvort aðildarríki EB eða EFTA-ríki, gefið út á grundvelli reglugerðar (EBE) nr. 684/92, eins og hún var aðlöguð vegna sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið
- b) fyrir óreglubundna flutninga með hópþifreiðum í formi gestaflutninga í öðru aðildarríki EB eða EFTA-ríki en því sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu í, gefið út á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 12/98, eins og hún var aðlöguð vegna sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið

til handa:
(kenninamn og eiginnaamn eða viðskiptaheiti flutningafyrirtækis)

.....
(fullt heimilisfang, síma- og bréfasímanúmer)

.....
(staður og útgáfudagur)

.....
(undirskrift og stimpill yfirvaldsins eða stofnunarinnar sem gefur út leyfið)

⁽¹⁾ Ísland (IS), Liechtenstein (FL), Noregur (N).

Önnur síða

Ritað á hinu opinbera tungumáli eða -málum eða einu hinna opinberu tungumála EFTA-rikisins þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu

Áriðandi atriði

A. ALMENN SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI UM ÓREGLUBUNDNA FLUTNINGA MILLI LANDA OG ÓREGLUBUNDNA FLUTNINGA Í FORMI GESTAFLUTNINGA

1. Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. og 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 684/92, eins og hún var aðlöguð vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, og 1., 2. og 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 12/98, eins og hún var aðlöguð vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, skulu óreglubundnir flutningar fara fram með hliðsjón af eftirlitsskjali (akstursskrá).
2. Í ákvæðunum, sem um getur í fyrri málsgrein, eru óreglubundnir flutningar skilgreindir sem „flutningar sem falla ekki undir skilgreiningu á reglubundnum flutningum, að meðtöldum sérstökum áætlunarferðum, og sem einkennast öðru fremur af því að fluttir eru hópar sem eru settir saman að frumkvæði viðskiptavinar eða flutningafyrirtækisins sjálfs“.

Reglubundnir flutningar eru „flutningar með farþega milli tiltekinnna staða með tilteknu millibili á ákveðnum leiðum þar sem farþegar eru teknir og þeim skilað á fyrirfram ákveðnum viðkomustöðum. Öllum er heimilt að notfæra sér reglubundna flutninga, óháð því hvort nauðsynlegt geti verið að bóka far“.

Flutningar teljast áfram til reglubundinna flutninga þótt breytingar séu gerðar á rekstrarskilyrðum þeirra.

Flutningaþjónusta, hver svo sem skipuleggur hana, þar sem séð er fyrir flutningum á tilteknum hópum farþega en aðrir farþegar eru útilokaðir, telst til reglubundinna flutninga að því tilskildu að hún uppfylli þau skilyrði sem tilgreind eru í lið 1.1. Slíkir flutningar kallast „sérstakar áætlunarferðir“.

Til sérstakra áætlunarferða teljast:

- a) flutningar á starfsmönnum milli heimils og vinnustaðar,
- b) flutningar á nemendum til og frá skóla,
- c) flutningar á hermönnum og fjölskyldum þeirra frá upprunalandi sinu til herbúðanna.

Þótt sérstakar áætlunarferðir séu sniðnar að þörfum notenda teljast þær samt sem áður til reglubundinna flutninga.

3. Akstursskráin skal gilda fyrir alla ferðina.
4. Leyfið og akstursskráin veita handhafa rétt til að starfrækja:
 - a) óreglubundna millilandaflutninga með hópþreidum milli tveggja eða fleiri ríkja sem eru annaðhvort aðildarríki EB eða EFTA-ríki,
 - b) óreglubundna flutninga í formi gestaflutninga í öðru aðildarríki EB eða EFTA-ríki en því sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu í.
5. Akstursskráin skal fyllt út í tvíriti, annaðhvort af flutningafyrirtækinu eða ökumanni, áður en lagt er upp í hverja ferð. Afrit af akstursskránni skal geymt hjá fyrirtækinu. Ökumaður geymir frumritið í ökutækinu alla ferðina og ber að framvísa því ef viðurkendir eftirlitsmenn krefjast þess.
6. Ökumaður skilar akstursskránni til fyrirtækisins, sem afhenti hana, við lok viðkomandi ferðar. Flutningafyrirtækið ber ábyrgð á geymslu þessara skjala. Þau skulu fyllt út með læsilegu og óafmáanlegu letri.

Þriðja síða

B. SÉRÁKVÆÐI FYRIR ÓREGLUBUNDNA FLUTNINGA MILLI LANDA

1. Samkvæmt annarri undirgrein liðar 3.1 í 2. grein reglugerðar (EBE) nr. 684/92, eins og hún var aðlöguð vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, skal skipulagning samhliða eða tímabundinna flutninga, sem eru sambærilegir við reglubundna flutninga sem fyrir eru og þjóna sömu farþegahópum, vera háð leyfi.
2. Í óreglubundnum flutningum milli landa er flutningafyrirtæki heimilt að bjóða upp á stuttar skoðunarferðir í öðru aðildarríki EB eða EFTA-ríki en því sem það hefur staðfestu í. Þessar stuttu skoðunarferðir eru eingöngu ætlaðar farþegum sem eru ekki búsettir í landinu og hafa áður verið fluttir af sama flutningafyrirtæki innan ramma óreglubundinna flutninga milli landa. Þeir skulu fluttir með sama ökutæki eða öðru ökutæki sem tilheyrir sama flutningafyrirtæki eða sama hópi flutningafyrirtækja.
3. Þegar um er að ræða stuttar skoðunarferðir skal fylla akstursskrána út fyrir brottför ökutækisins í viðkomandi skoðunarferð.
4. Í óreglubundnum flutningum milli landa, sem hópur flutningafyrirtækja stundar fyrir hönd sama viðskiptavinar, og hugsanlega einnig þar sem farþegar eiga möguleika á að skipta um flutningafyrirtæki úr sama hópi á leiðinni, skal frumrit akstursskrárrinnar geymt í ökutækinu. Afrit af akstursskránni skal geymt í höfuðstöðvum allra viðkomandi flutningafyrirtækja.

C. SÉRÁKVÆÐI FYRIR ÓREGLUBUNDNA FLUTNINGA Í FORMI GESTAFLUTNINGA

1. Ef ekki er kveðið á um annað í löggjöf bandalagsins, eins og hún var aðlöguð vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, skal starfræksla óreglubundinna flutninga í formi gestaflutninga lúta gildandi lögum og stjórnsýsluákvæðum í gistiríki aðildarríkis EB eða EFTA-ríkisins að því er varðar eftirfarandi atriði:
 - a) gjaldskrár og skilyrði sem gilda um flutningssamninginn;
 - b) þyngd og mál ökutækja. Þyngd og mál geta, eftir atvikum, farið yfir þau mörk sem gilda í aðildarríki EB eða EFTA-ríkinu þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu en mega aldrei vera umfram þá þyngd og þau mál sem eru tilgreind í samræmisvottorðinu;
 - c) kröfur er varða flutninga á tilteknum hópum farþega, svo sem skólabörnum, börnum og fólki með skerta hreyfingu;
 - d) aksturs- og hvíldartíma;
 - e) virðisaukaskatt (VSK) á flutningaþjónustu.
2. Tæknistaðlar um smíði og búnað ökutækja, sem notuð eru í gestaflutningum, skulu vera hinir sömu og tæknistaðlar um ökutæki í millilandaflutningum.
3. Aðildarríki EB eða EFTA-ríkin skulu beita innlendu ákvæðunum, sem um getur í 1. og 2. mgr., þegar um er að ræða flutningafyrirtæki sem hafa ekki aðsetur í landinu með sömu skilyrðum og gilda um fyrirtæki sem hafa þar aðsetur svo að hægt sé að koma í veg fyrir hvers konar beina eða óbeina mismunun á grundvelli ríkisfangs eða staðfestustaðar.
4. Ef um er að ræða óreglubundinn flutning í formi gestaflutnings skal flutningafyrirtækið skila akstursskrám til lögbærs yfirvalds eða þar til bærrar stofnunar í aðildarríki EB eða EFTA-ríkinu þar sem það hefur staðfestu eða í samræmi við þá málsmeðferð sem framangreint yfirvald eða stofnun mælir fyrir um ⁽¹⁾.
5. Ef um er að ræða sérstakar áætlunarferðir í formi gestaflutninga skal flutningafyrirtækið fylla akstursskrána þannig út að hún sýni mánaðarlegt yfirlit og skila henni til lögbærs yfirvalds eða þar til bærrar stofnunar í aðildarríki EB eða EFTA-ríkinu þar sem það hefur staðfestu samkvæmt þeim málsmeðferðarreglum sem sama yfirvald eða stofnun setur.

⁽¹⁾ Lögbærum yfirvöldum aðildarríkja EB eða EFTA-ríkja er heimilt að bæta við 4. lið upplýsingum um stofnunina sem sér um að safna saman akstursskrám og um málsmeðferðina við að senda upplýsingar áfram.

III. VIÐAUKI

Kápa

(Hvítur pappír - A4)

*Ritað á hinu opinbera tungumáli eða -málum eða einu hinna opinberu tungumála
EFTA-rikisins þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu*

UMSÓKN ⁽¹⁾:UM LEYFI TIL AÐ HEFJA REGLUBUNDNA FLUTNINGA UM LEYFI TIL UM AÐ HEFJA SÉRSTAKAR ÁÆTLUNARFERÐIR ⁽²⁾ UM ENDURNÝJUN LEYFIS TIL FLUTNINGA

**sem stundaðir eru með hópþreidum milli ríkja sem eru annaðhvort aðildarríki EB eða
EFTA-ríki í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 684/92, eins og hún var aðlöguð vegna
samningsins um Evrópska efnahagssvæðið**

Til:.....
(lögbært yfirvald)

1. Kenninafn og eiginnafn eða viðskiptaheiti umsækjanda og, ef við á, flutningafyrirtækisins sem fer með yfirstjórn ef um er að ræða samstarf (samlag)::

.....
.....

2. Flutningaþjónusta innt af hendi ⁽¹⁾
af fyrirtæki sem samstarfsaðili (í samlagi) sem undirverktaki

3. Nöfn og heimilisföng flutningafyrirtækis, flutningafyrirtækis
eða -fyrirtækja sem eru samstarfsaðilar eða undirverktaka ⁽³⁾ ⁽⁴⁾

3.1. sími

3.2. sími

3.3. sími

3.4. sími

⁽¹⁾ Merkið við eða fyllið út eins og við á.

⁽²⁾ Sérstakar áætlunarferðir sem eru ekki háðar samningi á milli skipuleggjandans og flutningafyrirtækisins.

⁽³⁾ Takið fram í hverju tilviki hvort um er að ræða samstarfsaðila eða undirverktaka.

⁽⁴⁾ Látið fylgja lista ef við á.

(Önnur síða umsóknar um leyfi eða endurnýjun á leyfi)

4. Þegar um er að ræða sérstakar áætlunarferðir:

4.1. Tegund farþega:

5. Gildistími leyfisins sem sótt er um eða dagur þegar flutningum lýkur:

.....
.....
.....

6. Aðalleið (strikið undir viðkomustaði þar sem farþegar eru teknir):

.....
.....
.....
.....

7. Rekstrartímabil:

.....
.....
.....

8. Ferðatíðni (á dag, á viku o.s.frv.):

9. Gjaldskrá: Meðfylgjandi viðauki

10. Látið fylgja akstursáætlun svo að unnt sé að sannprófa að hún sé í samræmi við lög bandalagsins, eins og þau voru aðlöguð vegna sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, um aksturs- og hvíldartíma.

11. Fjöldi leyfa eða afrita af leyfum sem sótt er um (¹):

.....

12. Frekari upplýsingar:

.....
.....
.....
.....

13.

(staður og dagsetning)

.....

(undirskrift umsækjanda)

(¹) Athygli umsækjanda er vakin á því að þar eð leyfi á að vera í hverju ökutæki þurfa leyfin að vera jafnmörg ökutækjunum sem notuð verða samtímis við flutningana sem sótt er um leyfi fyrir.

(Þriðja síða umsóknar um leyfi eða endurnýjun á leyfi)

Áriðandi atriði

1. Eftirfarandi skal fylgja umsókninni, ef við á:
 - a) tímaáætlun;
 - b) gjaldskrá;
 - c) staðfest afrit af leyfi til farþegaflutninga á vegum milli landa gegn gjaldi sem kveðið er á um í 3. gr. a í reglugerð (EBE) nr. 684/92, eins og hún var aðlöguð vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið;
 - d) upplýsingar um tegund og umfang flutningaþjónustunnar sem umsækjandi hyggst veita, sé verið að sækja um leyfi til að koma á fót nýrri flutningaþjónustu, eða sem hefur áður verið veitt, sé um að ræða endurnýjun á leyfi;
 - e) kort í hæfilegum mælikvarða sem sýnir leiðina og viðkomustaði þar sem farþegar eru teknir eða þeim skilað;
 - f) akstursáætlun svo að unnt sé að sannprófa að hún sé í samræmi við lög bandalagsins, eins og þau voru aðlöguð vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, um aksturs- og hvíldartíma.
2. Umsækjendur skulu, til stuðnings umsókn sinni, leggja fram allar upplýsingar sem þeir telja máli skipta eða sem yfirvaldið, sem gefur út leyfið, æskir.
3. Í 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 684/92, eins og hún var aðlöguð vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er kveðið á um að eftirfarandi flutningaþjónusta sé leyfisbundin:
 - a) reglubundnir flutningar, flutningar á farþegum milli tiltekinna staða með tilteknu millibili á ákveðnum leiðum þar sem farþegar eru teknir og þeim skilað á fyrirfram ákveðnum viðkomustöðum. Öllum er heimilt að notfæra sér reglubundna flutninga, óháð því hvort nauðsynlegt geti verið að bóka far. Flutningar teljast áfram til reglubundinna flutninga þótt breytingar séu gerðar á rekstrarskilyrðum þeirra;
 - b) sérstakar áætlunarferðir sem eru ekki háðar samningi á milli skipuleggjandans og flutningafyrirtækisins. Flutningaþjónusta, hver svo sem skipuleggur hana, þar sem séð er fyrir flutningum á tilteknum hópum farþega en aðrir farþegar eru útilokaðir, telst til reglubundinna flutninga að því tilskildu að hún uppfylli þau skilyrði sem tilgreind eru í 1.1. Slíkir flutningar kallast hér eftir „sérstakar áætlunarferðir“. Til sérstakra áætlunarferða teljast:
 - i) flutningar á starfsmönnum milli heimilis og vinnustaðar,
 - ii) flutningar á nemendum til og frá skóla,
 - iii) flutningar á hermönnum og fjölskyldum þeirra frá upprunalandi sínu til herbúðanna.Þótt sérstakar áætlunarferðir séu sniðnar að þörfum notendanna teljast þær samt sem áður til sérstakra áætlunarferða.
4. Umsóknin skal send lögbæru yfirvaldi í aðildarríki EB eða EFTA-ríkinu sem lagt er upp frá, þ.e. þar sem endastöðin er.
5. Gildistími leyfis skal eigi vera lengri en fimm ár.

IV. VÆÐAUKI

(Fyrsta síða leyfis)

(Bleikur pappír — A4)

*Ritað á hinu opinbera tungumáli eða -málum eða einu hinna opinberu tungumála
EFTA-rikisins þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu*

ÚTGÁFURÍKI
- Auðkenni lands - ⁽¹⁾

Lögbært yfirvald

.....

LEYFI nr. ...

**til reglubundinna flutninga ⁽²⁾
til sérstakra áætlunarferða sem ekki eru gefnar frjálssar**

**með hópþreidum milli ríkja sem eru annaðhvort aðildarríki EB eða EFTA-ríki, á grundvelli
reglugerðar (EBE) nr. 684/92, eins og hún var aðlöguð vegna sammingsins um Evrópska
efnahagssvæðið**

til handa:

(Kenninafn, eiginnafn eða viðskiptaheiti flutningafyrirtækisins eða þess
flutningafyrirtækis sem fer með yfirstjórn ef um er að ræða
samstarf fyrirtækja (samlag))

Heimilisfang: Sími og bréfasími:

Nafn, heimilisfang, síma- og bréfasímanúmer samstarfsaðila eða félaga í samstarfshópi fyrirtækja (samlagi)
og undirverktaka:

1)

2)

3)

4)

5)

Listi fylgir ef við á

Leyfið rennur út:

.....

(staður og útgáfudagur)

.....

(undirskrift og stimpill yfirvaldsins
eða stofnunarinnar sem gefur út leyfið)

⁽¹⁾ Ísland (IS), Liechtenstein (FL), Noregur (N).

⁽²⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

(Önnur síða leyfis nr.)

1. Leið:
 - a) Brottfararstaður:
 - b) Ákvörðunarstaður:
 - c) Aðalleið, strikið undir viðkomustaði þar sem farþegar eru teknir eða þeim skilað:

.....

.....

.....

.....

2. Rekstrartímabil:

3. Ferðatíðni:

4. Tímaáætlun:

5. Sérstakar áætlunarferðir:

 - Tegund farþega:

6. Önnur skilyrði eða athugasemdir:

.....

.....

.....

.....

.....

.....

(stimpill yfirvalds sem gefur leyfið út)

(Þriðja síða leyfis)

*Ritað á hinu opinbera tungumáli eða -málum eða einu hinna opinberu tungumála
EFTA-rikisins þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu*

Áriðandi atriði

1. Leyfið gildir fyrir alla ferðina. Einungis þeim er ber nafnið, sem stendur í leyfinu, er heimilt að nota það.
 2. Leyfið eða afrit af því, staðfest af yfirvaldinu sem gaf leyfið út, skal geymt í ökutækinu alla ferðina og ber að framvísa því ef viðurkenndir eftirlitsmenn krefjast þess.
 3. Staðfest afrit af leyfinu skal geymt í ökutækinu.
-

V. VIÐAUKI

(Fyrsta síða vottorðs)

(Gulur pappír — A4)

*Ritað á hinu opinbera tungumáli eða -málum eða einu hinna opinberu tungumála
EFTA-rikisins þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu*

ÚTGÁFURÍKI

- Auðkenni lands - (¹)

Lögbært yfirvald

VOTTORÐ

**gefið út til flutninga í eigin þágu með hópbifreiðum milli ríkja sem eru annaðhvort
aðildarríki EB eða EFTA-ríki á grundvelli reglugerðar (EBE) nr. 684/92, eins og hún var
aðlöguð vegna sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið**

.....
(Þessi hluti er fyrir einstaklinginn eða lögaðilann sem starfrækir flutninga í eigin þágu)

Undirritaður

.....
ábyrgðarmaður fyrir fyrirtækið, samtök sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni eða annan aðila (lýsið)

.....
(kenninafn og eiginnafn eða viðskiptaheiti, fullt heimilisfang)

vottar að:

- flutningarnir eru ekki starfræktir í hagnaðar- eða ábataskyni,
- flutningarnir eru einungis aukastarfsemi einstaklingsins eða lögaðilans,
- hópbifreið með skráningarnúmerið: er eign einstaklingsins eða lögaðilans eða hann hefur keypt hana með afborgunarskilmálum eða tekið hana á leigu samkvæmt langtímaleigusamningi,
- ökutækinu verður ekið af starfsmönnum þess einstaklings eða lögaðila sem skrifar undir eða af honum sjálfum.

.....
(undirskrift einstaklings eða fulltrúa lögaðila)

.....
(Þessi hluti er fyrir lögbært yfirvald)

Þetta er vottorð í skilningi 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 684/92, eins og hún var aðlöguð vegna sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið.

.....
(gildistími)

.....
(staður og útgáfudagur)

.....
(undirskrift og stimpill lögbærs yfirvalds)

(Önnur síða vottorðs)

Ritað á hinu opinbera tungumáli eða -málum eða einu hinna opinberu tungumála EFTA-rikisins þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu

Almenn ákvæði

1. Ákvæði 4. mgr. 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 684/92, eins og hún var aðlöguð vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, hljóðar svo: „flutningar í eigin þágu eru flutningar sem eru ekki starfræktir í hagnaðar- eða ábataþynni af einstaklingi eða lögaðila, svo fremi að:
 - flutningarnir séu einungis aukastarfsemi fyrir fyrirtækið eða lögaðilann;
 - ökutækin, sem eru notuð, séu í eigu einstaklingsins eða lögaðilans eða hafi verið keypt af honum með afborgunarskilmálum eða tekin á leigu samkvæmt langtímaleigusamningi og starfsmaður einstaklingsins eða lögaðilans eða einstaklingurinn sjálfur aki þeim“.
2. Flutningafyrirtækjum, sem stunda flutninga í eigin þágu, er heimilt að starfrækja slíka flutningaþjónustu án mismununar á grundvelli ríkisfangs eða staðfestustaðar ef þau:
 - fá leyfi í ríkinu þar sem þau hafa staðfestu til að starfrækja flutninga með hópþjónuðum samkvæmt skilyrðum um aðgang að markaðinum sem mælt er fyrir um í landslögum,
 - standast kröfur um öryggi á vegum að því er varðar staðla sem gilda um öikumenn og ökutæki.
3. Flutningar í eigin þágu, sem um getur í 1. lið, eru undanþegnir leyfi en bundnir vottorðakerfi.
4. Vottorð þetta heimilar handhafa þess að stunda flutninga með hópþjónuðum milli landa í eigin þágu. Það er gefið út af lögbæru yfirvaldi aðildarríkis EB eða EFTA-rikisins sem ökutækið er skráð í og gildir fyrir alla ferðina, þar með talið í umflutningi.
5. Viðkomandi hlutar vottorðsins skulu fylltir út með óafmáanlegu lettri í þriti af einstaklingunum eða fulltrúa lögaðilans, sem annast reksturinn, og af lögbæru yfirvaldi. Eitt afrit skal vera hjá yfirvaldinu og annað hjá einstaklingnum eða lögaðilanum. Frumrit eða staðfest eftirrit skal ávallt geymt í ökutækinu í hverri ferð milli landa. Því skal framvísað ef viðurkenndir eftirlitsmenn krefjast þess. Einstaklingurinn eða lögaðilinn, eftir því sem við á, ber ábyrgð á geymslu vottorðanna.
6. Vottorðið gildir í fimm ár hið lengsta.

VI. VIÐAUKI

FYRIRMYND

að því hvernig á að senda upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 12/98 frá 11. desember 1997 um skilyrði fyrir því að flutningafyrirtæki stundi farþegaflutninga á vegum innanlands í aðildarríki sem það hefur ekki aðsetur í, eins og hún var aðlöguð vegna sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið

Gestaflutningar sem starfræktir eru á (ársfjórðungur) (ár)

af flutningafyrirtækjum með staðfestu í (nafn EFTA-ríkis)

Gistiríki sem er aðildarríki EB eða EFTA-ríki	Farþega fjöldi		Farþega fjöldi – km	
	Tegund flutninga		Tegund flutninga	
	Sérstakar áætlunarferðir	Óreglubundnir flutningar	Sérstakar áætlunarferðir	Óreglubundnir flutningar
A				
B				
D				
DK				
E				
GR				
FIN				
F				
I				
IRL				
L				
NL				
P				
S				
UK				
IS				
FL				
N				
Gesta- flutningar alls				

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2121/98

frá 2. október 1998

þar sem settar eru nákvæmar reglur um beitingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 684/92 og (EB) nr. 12/98 að því er varðar skjöl vegna farþegaflutninga með hópbifreiðum(*)FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 684/92 frá 16. mars 1992 um setningu sameiginlegra reglna um farþegaflutninga milli landa með hópbifreiðum ⁽¹⁾, eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 11/98 ⁽²⁾, einkum 2. gr. (lið 3.4), 5. gr. (4. mgr.), 6. gr. (2. mgr.), 11. gr. (5. mgr.) og 13. gr. (3. mgr.),með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 12/98 frá 11. desember 1997 um skilyrði fyrir því að flutningafyrirtæki geti stundað farþegaflutninga á vegum innanlands í aðildarríki sem þau hafa ekki aðsetur í ⁽³⁾, einkum 2. og 3. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 7. gr.,

að höfðu samráði við nefndina sem komið var á fót með 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 12/98,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Í 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 684/92 er kveðið á um að reglubundnir flutningar og sumar tegundir sérstakra áætlunarferða skuli vera leyfisbundnar.
2. Í 1. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að óreglubundnir flutningar skuli fara fram með hliðsjón af akstursskrá.
3. Í 1. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að flutningar á vegum í eigin þágu séu bundnir tilteknu vottorðakerfi.
4. Setja þarf reglur um notkun akstursskrárinnar, sem um getur í 11. gr. reglugerðarinnar, og hvernig eigi að tilkynna viðkomandi aðildarríkjum um nöfn flutningafyrirtækjanna sem stunda þessa þjónustu og um skiptistaði á leiðunum.

5. Framkvæmdastjórnin samþykkti reglugerð (EBE) nr. 1839/92 frá 1. júlí 1992 um nákvæmar reglur um beitingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 684/92 að því er varðar skjöl vegna farþegaflutninga milli landa ⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með lögunum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EBE) nr. 2944/93 ⁽⁵⁾ til að staðla, til einföldunar, eftirlitsskjöl fyrir ferðir fram og til baka með gistingu og fyrir óreglubundna flutninga.
6. Með reglugerð (EB) nr. 11/98 var hugtakið „ferðir fram og til baka“ lagt niður og skilgreiningin á „óreglubundnum flutningum“ einfölduð með því að leggja niður hugtakið „aðrir óreglubundnir flutningar“.
7. Til einföldunar er nauðsynlegt að staðla akstursskrána fyrir óreglubundna flutninga milli landa og óreglubundna flutninga í formi gestaflutninga sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 12/98.
8. Akstursskráin, sem notuð er sem eftirlitsskjal innan ramma sérstakra áætlunarferða í formi gestaflutninga, skal fyllt þannig út að hún sýni mánaðarlegt yfirlit.
9. Vegna gagnsæis og einföldunar skulu allar fyrirmyndir að skjölum, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EBE) nr. 1839/92, aðlagðar nýja lagarammanum sem gildir um farþegaflutninga milli landa með hópbifreiðum og þessi reglugerð koma í stað þeirrar reglugerðar.
10. Aðildarríkin þurfa að hafa tíma til að láta prenta og dreifa nýju skjölunum.
11. Á meðan geta flutningafyrirtæki haldið áfram að nota skjölin sem mælt var fyrir um í reglugerðum (EBE) nr. 1839/92 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2454/92 ⁽⁶⁾, með þeim breytingum sem þarf svo tekið sé mið af reglugerðum (EBE) nr. 684/92 og (EB) nr. 12/98.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 268, 3.10.1998, bls. 10, var nefnd í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 56/1999 frá 30. apríl 1999 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 74, 20. 3. 1992, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 4, 8. 1. 1998, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 4, 8. 1. 1998, bls. 10.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 187, 7. 7. 1992, bls. 5.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 266, 27. 10. 1993, bls. 2.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 251, 29. 8. 1992, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

EFTIRLITSSKJAL (AKSTURSSKRÁ)

1. gr.

1. Eftirlitsskjalið (akstursskráin) fyrir óreglubundna flutninga, sem um getur í lið 3.1 í 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 684/92, skal vera í samræmi við fyrirmyndina í I. viðauka við þessa reglugerð.

2. Eftirlitsskjalið (akstursskráin) fyrir óreglubundna flutninga, sem um getur í 3. lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 12/98, skal vera í samræmi við fyrirmyndina í I. viðauka við þessa reglugerð.

3. Akstursskrárnar eru í heftum með 25 akstursskrám í tvíriti sem er hægt að rífa úr. Hvert hefti skal vera tölusett. Akstursskrárnar skulu einnig vera tölusettar frá 1 til 25. Kápan á heftinu skal vera í samræmi við fyrirmyndina í II. viðauka við þessa reglugerð. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að laga þessar kröfur að tölvuvinnslu akstursskráanna.

2. gr.

1. Heftið, sem kveðið er á um í 3. mgr. 1. gr., skal vera á nafni flutningafyrirtækisins; óheimilt er að framselja það.

2. Akstursskráin skal vera læsileg og fyllt út með óafmáanlegu letri í tvíriti, annaðhvort af flutningafyrirtækinu eða öikumanni, áður en lagt er upp í hverja ferð. Hún skal gilda fyrir alla ferðina.

3. Fumrit hverrar akstursskrár skal geymt í ökutækinu allan þann tíma sem viðkomandi ferð tekur. Afrit skal geymt í höfuðstöðvum fyrirtækisins.

4. Flutningafyrirtækið ber ábyrgð á geymslu akstursskráanna.

3. gr.

Í óreglubundnum flutningum milli landa, sem hópur flutningafyrirtækja stundar fyrir sama verktaka, og þar sem farþegar geta skipt á leiðinni og farið með öðru flutningafyrirtæki úr sama hópi, skal frumrit akstursskrárinna geymt í því ökutæki sem ekið er hverju sinni. Afrit af akstursskránni skal geymt í höfuðstöðvum allra viðkomandi flutningafyrirtækja.

4. gr.

1. Flutningafyrirtæki skal skila lögbæru yfirvaldi eða stofnun í aðildarríkinu þar sem það hefur staðfestu afritum af akstursskrám sem eru notaðar sem eftirlitsskjöl fyrir óreglubundna flutninga í formi gestaflutninga samkvæmt 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 12/98 í samræmi við málsmeðferð sem sama yfirvald eða stofnun ákveður.

2. Í sérstökum áætlunarferðum, í formi gestaflutninga samkvæmt 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 12/98, skal flutningafyrirtækið fylla út akstursskrána, sem mælt er fyrir um í I. viðauka við þessa reglugerð þannig að hún sýni mánaðarlegt yfirlit og skila henni til lögbærs yfirvalds eða stofnunar í aðildarríkinu þar sem það hefur staðfestu í samræmi við málsmeðferð sem sama yfirvald eða stofnun ákveður.

5. gr.

Akstursskrá gerir handhafa kleift, í óreglubundnum flutningum milli landa, að bjóða upp á stuttar skoðunarferðir í öðru aðildarríki en því sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu í, í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í annarri málsgrein 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 684/92. Stuttar skoðunarferðir skulu skráðar í akstursskrá fyrir brottför ökutækisins í viðkomandi skoðunarferð. Frumrit akstursskrárinna skal geymt í ökutækinu meðan á skoðunarferð stendur.

6. gr.

Skylt er að framvísa eftirlitsskjalinu ef viðurkenndir eftirlitsmenn krefjast þess.

II. KAFLI

LEYFISVEITINGAR

7. gr.

1. Umsóknir um leyfi til reglubundinna flutninga og sérstakra áætlunarferða skulu vera í samræmi við fyrirmyndina í III. viðauka.

2. Í umsóknum um leyfi skulu vera eftirfarandi upplýsingar:

a) tímaáætlun,

b) gjaldskrár,

c) staðfest eftirrit af bandalagsleyfi til farþegaflutninga milli landa með hópbifreiðum gegn gjaldi sem kveðið er á um í 3. gr. a í reglugerð (EBE) nr. 684/92,

d) upplýsingar um tegund og umfang flutningaþjónustunnar sem umsækjandi hyggst veita, sé verið að sækja um leyfi til að koma á stofn flutningaþjónustu, eða, sem hefur verið veitt, sé um að ræða endurnýjun á leyfi,

e) kort í hæfilegum mælikvarða sem sýnir leiðina og viðkomustaði þar sem farþegar eru teknir eða þeim skilað.

f) akstursáætlun svo að unnt sé að sannprófa að farið sé að lögum bandalagsins um akstur og hvíldartíma,

3. Umsækjendur skulu, til stuðnings umsókn sinni, leggja fram allar upplýsingar sem þeir telja máli skipta eða sem yfirvaldið, sem gefur út leyfið, æskir.

8. gr.

1. Leyfi skulu vera í samræmi við fyrirmyndina í IV. viðauka.

2. Í öllum ökutækjum, sem notuð eru við leyfisbundna flutninga, skal vera leyfi eða staðfest afrit frá yfirvaldinu sem gefur út leyfið.

III. KAFLI

VOTTORÐ

9. gr.

1. Vottorð vegna flutninga í eigin þágu, sem skilgreindir eru í 4. lið í 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 684/92, skulu vera í samræmi við fyrirmyndina í V. viðauka við þessa reglugerð.

2. Fyrirtæki, sem óska eftir vottorði, skulu leggja fram sannanir eða tryggingu fyrir því hjá yfirvaldinu, sem gaf út leyfið, að skilyrði 4. liðar 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 684/92 hafi verið uppfyllt.

3. Vottorð eða staðfest eftirrit skal geymt ferðina á enda í öllum ökutækjum sem eru notuð við flutninga sem eru háðir vottorðakerfi og ber að framvísa því ef viðurkenndir eftirlitsmenn krefjast þess.

4. Vottorð gilda í fimm ár hið lengsta.

IV. KAFLI

MIDLUN TÖLFRÆDILEGRA UPPLÝSINGA

10. gr.

Senda skal upplýsingarnar um gestaflutninga, sem um getur

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. október 1998.

í 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 12/98, í töfluformi í samræmi við fyrirmyndina í VI. viðauka við þessa reglugerð.

V. KAFLI

BRÁÐABIRGÐA- OG LOKAÁKVÆÐI

11. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 1839/92 falli úr gildi frá 31. desember 1999.

12. gr.

Aðildarríkin geta heimilað notkun akstursskráa, leyfisumsókna, leyfa og vottorða, sem gerð eru í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 1839/92 og reglugerð (EBE) nr. 2454/92, fram til 31. desember 1999 hið lengsta að því tilskildu að þeim sé breytt eins og þarf læsilega, óafmáanlega, eftir því sem nauðsynlegt er, til að þau samrýmist ákvæðum reglugerða (EBE) nr. 684/92, (EB) nr. 12/98 og þessarar reglugerðar.

Önnur aðildarríki skulu samþykkja þessi skjöl á yfirráðasvæði sínu til 31. desember 1999.

13. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma reglugerð þessari í framkvæmd og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

14. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 11. desember 1998 nema 1. gr. (2. mgr.), 4. gr. og 10. gr. sem gilda frá 11. júní 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Neil KINNOCK

framkvæmdastjóri.

II. VIÐAUKI

Kápa
(Pappír — A4)

Ritað á hinu opinbera tungumáli eða -málum eða einu hinna opinberu tungumála aðildarríkisins þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu.

ÚTGÁFURÍKI
— Auðkenni lands — ⁽¹⁾

Lögbært yfirvald

.....

HEFTI nr.

með akstursskrám:

- a) fyrir óreglubundna millilandaflutninga með hópbifreiðum milli aðildarríkja, gefið út á grundvelli reglugerðar (EBE) nr. 684/92
- b) fyrir óreglubundna flutninga með hópbifreiðum í formi gestaflutninga í öðru aðildarríki en því sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu í, gefið út á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 12/98

til handa:
(kenninafn og eiginnafröðunafn eða viðskiptaheiti flutningafyrirtækis)

.....

.....
(fullt heimilisfang, síma- og bréfasímanúmer)

.....
(staður og útgáfudagur)

.....
(undirskrift og stimpill yfirvaldsins eða stofnunarinnar sem gefur út leyfið)

⁽¹⁾ Austurríki (A), Belgía (B), Danmörk (DK), Finnland (FIN), Frakkland (F), Þýskaland (D), Grikkland (GR), Írland (IRL), Ítalía (I), Lúxemborg (L), Holland (NL), Portúgal (P), Spánn (E), Svíþjóð (S), Breska konungsríkið (UK).

Önnur síða

Ritað á hinu opinbera tungumáli eða -málum eða einu hinna opinberu tungumála aðildarríkisins þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu.

Áríðandi atriði

A. ALMENN SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI UM ÓREGLUBUNDNA FLUTNINGA MILLI LANDA OG ÓREGLUBUNDNA FLUTNINGA Í FORMI GESTAFLUTNINGA

1. Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. og 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 684/92 og 1., 2. og 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 12/98 skulu óreglubundnir flutningar fara fram með hliðsjón af eftirlitsskjali (akstursskrá).
2. Í ákvæðunum, sem um getur í fyrri málsgrein, eru óreglubundnir flutningar skilgreindir sem „flutningar sem falla ekki undir skilgreiningu á reglubundnum flutningum, að meðtöldum sérstökum áætlunarferðum, og sem einkennast öðru fremur af því að fluttir eru hópar sem eru settir saman að frumkvæði viðskiptavinar eða flutningafyrirtækisins sjálfs“.

Reglubundnir flutningar eru „flutningar með farþega milli tiltekinna staða með tilteknu millibili á ákveðnum leiðum þar sem farþegar eru teknir og þeim skilað á fyrirfram ákveðnum viðkomustöðum. Öllum er heimilt að notfæra sér reglubundna flutninga, óháð því hvort nauðsynlegt geti verið að bóka far“.

Flutningar teljast áfram til reglubundinna flutninga þótt breytingar séu gerðar á rekstrarskilyrðum þeirra.

Flutningaþjónusta, hver svo sem skipuleggur hana, þar sem séð er fyrir flutningum á tilteknum hópum farþega en aðrir farþegar eru útilokaðir, telst til reglubundinna flutninga að því tilskildu að hún uppfylli þau skilyrði sem tilgreind eru í lið 1.1. Slíkir flutningar kallast „sérstakar áætlunarferðir“.

Til sérstakra áætlunarferða teljast:

- a) flutningar á starfsmönnum milli heimils og vinnustaðar,
- b) flutningar á nemendum til og frá skóla,
- c) flutningar á hermönnum og fjölskyldum þeirra frá upprunalandi sínu til herbúðanna,

Þótt sérstakar áætlunarferðir séu sniðnar að þörfum notenda teljast þær samt sem áður til reglubundinna flutninga.

3. Akstursskráin skal gilda fyrir alla ferðina.
4. Bandalagsleyfið og akstursskráin veita handhafa rétt til að starfrækja:
 - a) óreglubundna millilandaflutninga með hópþreifðum milli tveggja eða fleiri aðildarríkja,
 - b) óreglubundna flutninga í formi gestaflutninga í öðru aðildarríki en því sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu í.
5. Akstursskráin skal fyllt út í tvíriti, annaðhvort af flutningafyrirtækinu eða ökumanni, áður en lagt er upp í hverja ferð. Afrit af akstursskránni skal geymt hjá fyrirtækinu. Ökumaður geymir frumritið í ökutækinu alla ferðina og ber að framvísa því ef viðurkenndir eftirlitsmenn krefjast þess.
6. Ökumaður skilar akstursskránni til fyrirtækisins, sem afhenti hana, við lok viðkomandi ferðar. Flutningafyrirtækið ber ábyrgð á geymslu þessara skjala. Þau skulu fyllt út með læsilegu og óafmáanlegu letri.

Þriðja síða

B. SÉRÁKVÆÐI FYRIR ÓREGLUBUNDNA FLUTNINGA MILLI LANDA

1. Samkvæmt annarri undirgrein liðar 3.1 í 2. grein reglugerðar (EBE) nr. 684/92 skal skipulagning samhlíða eða tímabundinna flutninga, sem eru sambærilegir við reglubundna flutninga sem fyrir eru og þjóna sömu farþegahópum, vera háð leyfi.
2. Í óreglubundnum flutningum milli landa er flutningafyrirtæki heimilt að bjóða upp á stuttar skoðunarferðir í öðru aðildarríki en því sem það hefur staðfestu í. Þessar stuttu skoðunarferðir eru eingöngu ætlaðar farþegum sem eru ekki búsettir í landinu og hafa áður verið fluttir af sama flutningafyrirtæki innan ramma óreglubundinna flutninga milli landa. Þeir skulu fluttir með sama ökutæki eða öðru ökutæki sem tilheyrir sama flutningafyrirtæki eða sama hópi flutningafyrirtækja.
3. Þegar um er að ræða stuttar skoðunarferðir skal fylla akstursskrána út fyrir brottför ökutækisins í viðkomandi skoðunarferð.
4. Í óreglubundnum flutningum milli landa, sem hópur flutningafyrirtækja stundar fyrir hönd sama viðskiptavinar, og hugsanlega einnig þar sem farþegar eiga möguleika á að skipta um flutningafyrirtæki úr sama hópi á leiðinni, skal frumrit akstursskránnar geymt í ökutækinu. Afrit af akstursskránni skal geymt í höfuðstöðvum allra viðkomandi flutningafyrirtækja.

C. SÉRÁKVÆÐI FYRIR ÓREGLUBUNDNA FLUTNINGA Í FORMI GESTAFLUTNINGA

1. Ef ekki er kveðið á um annað í löggjöf bandalagsins skal starfræksla óreglubundinna flutninga í formi gestaflutninga lúta gildandi lögum og stjórnsýsluákvæðum í gistiríkinu að því er varðar eftirfarandi atriði:
 - a) gjaldskrár og skilyrði sem gilda um flutningssamninginn;
 - b) þyngd og mál ökutækja. Þyngd og mál geta, eftir atvikum, farið yfir þau mörk sem gilda í aðildarríkinu þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu en mega aldrei vera umfram þá þyngd og þau mál sem eru tilgreind í samræmisvottorðinu;
 - c) kröfur er varða flutninga á tilteknum hópum farþega, svo sem skólabornum, börnum og fólki með skerta hreyfigetu;
 - d) aksturs- og hvíldartíma;
 - e) virðisaukaskatt (VSK) á flutningaþjónustu. Á þessu sviði gildir a-liður 1. mgr. 21. gr. tilskipunar ráðsins 77/388/EBE frá 17. maí 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna um veltuskatt — sameiginlegt kerfi virðisaukaskatts: samræmdur matsgrunnur ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 96/95/EB ⁽²⁾, um þá þjónustu sem um getur í 1. gr. þessarar reglugerðar.
2. Tæknistaðlar um smíði og búnað ökutækja, sem notuð eru í gestaflutningum, skulu vera hinir sömu og tæknistaðlar um ökutæki í millilandaflutningum.
3. Aðildarríki skulu beita innlendu ákvæðunum, sem um getur í 1. og 2. mgr., þegar um er að ræða flutningafyrirtæki sem hafa ekki aðsetur í landinu með sömu skilyrðum og gilda um fyrirtæki sem hafa þar aðsetur svo að hægt sé að koma í veg fyrir hvers konar beina eða óbeina mismunun á grundvelli ríkisfangs eða staðfestustaðar.
4. Ef um er að ræða óreglubundinn flutning í formi gestaflutnings skal flutningafyrirtækið skila akstursskrám til lögbærs yfirvalds eða þar til bærar stofnunar í staðfesturíkinu í samræmi við þá málsmeðferð sem framangreint yfirvald eða stofnun mælir fyrir um ⁽³⁾.
5. Ef um er að ræða sérstakar áætlunarferðir í formi gestaflutninga skal flutningafyrirtækið fylla akstursskrána þannig út að hún sýni mánaðarlegt yfirlit og skila henni til lögbærs yfirvalds eða þar til bærar stofnunar í staðfesturíkinu samkvæmt þeim málsmeðferðarreglum sem sama yfirvald eða stofnun setur.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB L 145, 13. 6. 1977, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. EB L 338, 28. 12. 1996, bls. 89.

⁽³⁾ Lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna er heimilt að bæta við 4. lið upplýsingum um stofnunina sem sér um að safna saman akstursskrám og um málsmeðferðina við að senda upplýsingar áfram.

III. VIÐAUKI

Kápa

(Hvítur pappír — A4)

Ritað á hinu opinbera tungumáli eða -málum eða einu hinna opinberu tungumála aðildarríkisins þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu.

UMSÓKN ⁽¹⁾:UM LEYFI TIL AÐ HEFJA REGLUBUNDNA FLUTNINGA UM LEYFI TIL UM AÐ HEFJA SÉRSTAKAR ÁÆTLUNARFERÐIR ⁽²⁾ UM ENDURNÝJUN LEYFIS TIL FLUTNINGA **sem stundaðir eru með hópbifreiðum milli aðildarríkjanna í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 684/92**til:
(lögbært yfirvald)

1. Kenninafn eða eiginnaframtal eða viðskiptaheiti umsækjanda og, ef við á, flutningafyrirtækisins sem fer með yfirstjórn ef um er að ræða samstarf (samlag):

.....
.....2. Flutningaþjónusta innt af hendi ⁽¹⁾af fyrirtæki sem samstarfsaðili (í samlagi) sem undirverktaki 3. Nöfn og heimilisföng flutningafyrirtækis, flutningafyrirtækis eða -fyrirtækja sem eru samstarfsaðilar eða undirverktaka ⁽³⁾ ⁽⁴⁾

3.1. sími

3.2. sími

3.3. sími

3.4. sími

⁽¹⁾ Merkið við eða fyllið út eins og við á.⁽²⁾ Sérstakar áætlunarferðir sem eru ekki háðar samningi á milli skipuleggjandans og flutningafyrirtækisins.⁽³⁾ Takið fram í hverju tilviki hvort um er að ræða samstarfsaðila eða undirverktaka.⁽⁴⁾ Látið fylgja lista ef við á.

(Önnur síða umsóknar um leyfi eða endurnýjun á leyfi)

4. Þegar um er að ræða sérstakar áætlunarferðir:

4.1. Tegund farþega:

5. Gildistími leyfisins sem sótt er um eða dagur þegar flutningum lýkur:

.....
.....
.....

6. Aðalleið (strikið undir viðkomustaði þar sem farþegar eru teknir):

.....
.....
.....
.....

7. Rekstrartímabil:

.....
.....
.....

8. Ferðatíðni (á dag, á viku o.s.frv.):

9. Gjaldskrá: Meðfylgjandi viðauki

10. Látið fylgja akstursáætlun svo að unnt sé að sannprófa að hún sé í samræmi við lög bandalagsins um aksturs- og hvíldartíma.

11. Fjöldi leyfa eða afrita af leyfum sem sótt er um (¹):

.....

12. Frekari upplýsingar:

.....
.....
.....

13.

(staður og dagsetning)

.....

(undirskrift umsækjanda)

(¹) Athygli umsækjanda er vakin á því að þar eð leyfi á að vera í hverju ökutæki þurfa leyfin að vera jafnmörg ökutækjunum sem notuð verða samtímis við flutningana sem sótt er um leyfi fyrir.

(Þriðja síða umsóknar um leyfi eða endurnýjun á leyfi)

Áríðandi atriði

1. Eftirfarandi skal fylgja umsókninni, ef við á:
 - a) tímaáætlun;
 - b) gjaldskrá;
 - c) staðfest eftirrit af bandalagsleyfi til farþegaflutninga á vegum milli landa gegn gjaldi sem kveðið er á um í 3. gr. a í reglugerð (EBE) nr. 684/92;
 - d) upplýsingar um tegund og umfang flutningaþjónustunnar sem umsækjandi hyggst veita, sé verið að sækja um leyfi til að koma á fót nýrri flutningaþjónustu, eða sem hefur áður verið veitt, sé um að ræða endurnýjun á leyfi;
 - e) kort í hæfilegum mælikvarða sem sýnir leiðina og viðkomustaði þar sem farþegar eru teknir eða þeim skilað;
 - f) akstursáætlun svo að unnt sé að sannprófa að hún sé í samræmi við lög bandalagsins um aksturs- og hvíldartíma.
2. Umsækjendur skulu, til stuðnings umsókn sinni, leggja fram allar upplýsingar sem þeir telja máli skipta eða sem yfirvaldið, sem gefur út leyfið, æskir.
3. Í 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 684/92 er kveðið á um að eftirfarandi flutningaþjónusta sé leyfisbundin:
 - a) reglubundnir flutningar, flutningar á farþegum milli tiltekinna staða með tilteknu millibili á ákveðnum leiðum þar sem farþegar eru teknir og þeim skilað á fyrirfram ákveðnum viðkomustöðum. Öllum er heimilt að notfæra sér reglubundna flutninga, óháð því hvort nauðsynlegt geti verið að bóka far. Flutningar teljast áfram til reglubundinna flutninga þótt breytingar séu gerðar á rekstrarskilyrðum þeirra;
 - b) sérstakar áætlunarferðir sem eru ekki háðar samningi á milli skipuleggjandans og flutningafyrirtækisins. Flutningaþjónusta, hver svo sem skipuleggur hana, þar sem séð er fyrir flutningum á tilteknum hópum farþega en aðrir farþegar eru útilokaðir, telst til reglubundinna flutninga að því tilskildu að hún uppfylli þau skilyrði sem tilgreind eru í 1.1. Slíkir flutningar kallast hér eftir „sérstakar áætlunarferðir“. Til sérstakra áætlunarferða teljast:
 - i) flutningar á starfsmönnum milli heimilis og vinnustaðar,
 - ii) flutningar á nemendum til og frá skóla,
 - iii) á hermönnum og fjölskyldum þeirra frá upprunalandi sínu til herbúðanna.

Þótt sérstakar áætlunarferðir séu sniðnar að þörfum notendanna teljast þær samt sem áður til sérstakra áætlunarferða.
4. Umsóknin skal send lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu sem lagt er upp frá, þ.e. þar sem endastöðin er.
5. Gildistími leyfis skal eigi vera lengri en fimm ár.

IV. VIÐAUKI

(Fyrsta síða leyfis)

(Bleikur pappír — A4)

Ritað á hinu opinbera tungumáli eða -málum eða einu hinna opinberu tungumála aðildarríkisins þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu.

ÚTGÁFURÍKI

Lögbært yfirvald

— Auðkenni lands — ⁽¹⁾

.....

LEYFI nr. ...

til reglubundinna flutninga ⁽²⁾

til sérstakra áætlunarferða sem ekki eru gefnar frjálssar

með hópbifreiðum milli aðildarríkjanna, á grundvelli reglugerðar (EBE) nr. 684/92

til handa:
 (Kenninafn, eiginnaframt eða viðskiptaheiti flutningafyrirtækisins eða þess flutningafyrirtækis sem fer með yfirstjórn ef um er að ræða samstarf fyrirtækja (samlag))

.....

Heimilisfang: Sími og bréfasími:

Nafn, heimilisfang, síma- og bréfasímanúmer samstarfsaðila eða félaga í samstarfshópi fyrirtækja (samlagi) og undirverktaka:

1)

2)

3)

4)

5)

Listi fylgir ef við á

Leyfið rennur út:

.....

(staður og útgáfudagur)

.....

(undirskrift og stimpill yfirvaldsins eða stofnunarinnar sem gefur út leyfið)

⁽¹⁾ Austurríki (A) Belgía (B), Danmörk (DK), Þýskaland (D), Grikkland (GR), Finnland (FIN), Frakkland (F), Írland (IRL), Ítalía (I), Lúxemborg (L), Holland (NL), Portúgal (P), Spánn (E), Svíþjóð (S), Breska konungsríkið (UK).

⁽²⁾ Stríkið yfir það sem á ekki við.

(Önnur síða leyfis nr.)

- 1. Leið:
 - a) Brottfararstaður:
 - b) Ákvörðunarstaður:
 - c) Aðalleið, strikið undir viðkomustaði þar sem farþegar eru teknir eða þeim skilað:
.....
.....
.....

- 2. Rekstrartímabil:
.....

- 3. Ferðatíðni:

- 4. Tímaáætlun:

- 5. Sérstakar áætlunarferðir:
 - Tegund farþega:

- 6. Önnur skilyrði eða athugasemdir:
.....
.....
.....
.....
.....
.....

.....
(stimpill yfirvalds sem gefur leyfið út)

(Þriðja síða leyfis)

Ritað á hinu opinbera tungumáli eða -málum eða einu hinna opinberu tungumála aðildarríkisins þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu.

Áríðandi atriði

1. Leyfið gildir fyrir alla ferðina. Einungis þeim er þer nafnið, sem stendur í leyfinu, er heimilt að nota það.
2. Leyfið eða afrit af því, staðfest af yfirvaldinu sem gaf leyfið út, skal geymt í ökutækinu alla ferðina og þer að framvísa því ef viðurkenndir eftirlitsmenn krefjast þess.
3. Staðfest afrit af bandalagsleyfinu skal geymt í ökutækinu.

V. VIÐAUKI

(Fyrsta síða vottorðs)

(Gulur pappír — A4)

Ritað á hinu opinbera tungumáli eða -málum eða einu hinna opinberu tungumála aðildarríkisins þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu.

ÚTGÁFURÍKI

— Auðkenni lands — ⁽¹⁾

Lögbært yfirvald

VOTTORÐ

gefið út til flutninga í eigin þágu með hópþifreiðum milli aðildarríkja á grundvelli reglugerðar (EBE) nr. 684/92

(Þessi hluti er fyrir einstaklinginn eða aðilann sem starfrækir flutninga í eigin þágu)

Undirritaður

ábyrgðarmaður fyrir fyrirtækið, samtök sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni eða annan aðila (lýsið)

.....

(kenninafn og eiginnafröng eða viðskiptaheiti, fullt heimilisfang)

vottar að:

- flutningarnir eru ekki starfræktir í hagnaðar- eða ábataskyni,
- flutningarnir eru einungis aukastarfsemi einstaklingsins eða lögaðilans,
- hópþifreið með skráningarnúmerið: ... er eign einstaklingsins eða lögaðilans eða hann hefur keypt hana með afborgunarskilmálum eða tekið hana á leigu samkvæmt langfímaleigusamningi,
- ökutækinu verður ekið af starfsmönnum þess einstaklings eða lögaðila sem skrifar undir eða af honum sjálfum.

.....

(undirskrift einstaklings eða fulltrúa lögaðila)

.....

(Þessi hluti er fyrir lögbært yfirvald)

Þetta er vottorð í skilningi 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 684/92.

.....

(gildistími)

.....

(staður og útgáfudagur)

.....

(undirskrift og stimpill lögbærs yfirvalds)

(1) Austurríki (A), Belgía (B), Danmörk (DK), Finnland (FIN), Frakkland (F), Þýskaland (D), Grikkland (GR), Írland (IRL), Ítalía (I), Lúxemborg (L), Holland (NL), Portúgal (P), Spánn (E), Svíþjóð (S), Breska konungsríkið (UK).

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/50/12

nr. 57/1999
frá 30. mars 1999

**um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á
vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/1999 frá 26. mars 1999⁽¹⁾.

Tilskipun ráðsins 98/50/EB frá 29. júní 1998 um breytingu á tilskipun 77/187/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr:

Eftirfarandi liður bætist við í 23. lið (tilskipun ráðsins 77/187/EBE) í XVIII. viðauka við samninginn á undan aðlögunarliðunum:

„, eins og henni var breytt með:

- **398 L 0050:** Tilskipun ráðsins 98/50/EB frá 29. júní 1998 (Stjtið. EB L 201, 17.7.1998, bls. 88).“

2. gr:

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 98/50/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr:

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr:

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 30. apríl 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

F. Barbato

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 266, 19.10.2000, bls. 50 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 46, 19.10.2000, bls. 272.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 201, 17.7.1998, bls. 88.

TILSKIPUN RÁÐSINS 98/50/EB

frá 29. júní 1998

um breytingu á tilskipun 77/187/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar(*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins (2),

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar (3),

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar (4),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í stofnskrá bandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launþega, sem samþykkt var 9. desember 1989 („Félagsmálasáttmálanum“), nánar tiltekið í 7., 17. og 18. lið, er eftirfarandi lýst yfir: Stofnsetning innri markaðarins verður að leiða til bættra starfsskilyrða og bættra lífskjara launþega í Evrópubandalaginu. Umbæturnar verða, eftir því sem þörf krefur, að taka til þróunar ákveðinna þátta í löggjöf vinnumarkaðarins, svo sem regla um hópuppsagnir og gjaldþrot. Byggja skal upp upplýsingar, samráð og áhrif launþega með viðeigandi hætti þar sem tekið verði tillit til þeirrar réttarvenju sem fyrir er í hinum ýmsu aðildarríkjum. Þessar upplýsingar, samráð og áhrif launþega skulu koma til framkvæmda tímanlega, einkum í tengslum við endurskipulagningu í fyrirtækjum eða í tilvikum þar sem samruni hefur áhrif á atvinnu launþega.“
- 2) Tilskipun 77/187/EBE (5) stuðlar að samræmingu viðeigandi innlendra lagaákvæða sem tryggja að staðinn sé vörður um réttindi launþega og gerð er sú krafa til afsalsgjafa og afsalshafa að þeir veiti fulltrúum launþega upplýsingar og ráðfæri sig við þá með góðum fyrirvara.

- 3) Markmiðið með þessari tilskipun er að breyta tilskipun 77/187/EBE í ljósi áhrifa hins innri markaðar, tilhneinginga aðildarríkjanna í lagasetningu að því er varðar björgun fyrirtækja í fjárhagserfiðleikum, fordæmisréttar dómstóls Evrópubandalaganna, tilskipunar ráðsins 75/129/EBE frá 17. febrúar 1975 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um hópuppsagnir (6) og gildandi löggjafar í flestum aðildarríkjum.
- 4) Með tilliti til réttaröryggis og gagnsæis skal lagalega hugtakið „eigendaskipti“ skýrt í ljósi fordæmisréttar dómstólsins. Slík skýring breytir ekki gildissviði tilskipunar 77/187/EBE eins og það er túlkað af dómstólnum.
- 5) Með tilliti til réttaröryggis og gagnsæis er einnig nauðsynlegt, í ljósi fordæmisréttar dómstólsins, að tilskipun 77/187/EBE gildi um einkafyrirtæki og opinber fyrirtæki sem stunda atvinnustarfsemi, hvort sem er í hagnaðarskyni eða ekki.
- 6) Nauðsynlegt er að skýra hugtakið „launþegi“ í ljósi fordæmisréttar dómstólsins.
- 7) Til að tryggja að fyrirtæki, sem hafa lent í greiðsluþroti, haldi velli ættu aðildarríki að hafa sérstaka heimild til að beita ekki 3. og 4. gr. tilskipunar 77/187/EBE við eigendaskipti sem fram fara innan ramma skiptameðferðar og leyfa ætti tiltekna undantekningar frá almennum ákvæðum þeirrar tilskipunar við eigendaskipti vegna gjaldþrotameðferðar.
- 8) Einnig ætti að heimila undanþágur af þessum toga einu aðildarríki sem hefur sérstakar aðferðir til að stuðla að því að fyrirtæki, sem lýst hefur verið yfir að eigi í fjárhagsörðugleikum, haldi velli.
- 9) Skýra ber við hvaða aðstæður fulltrúar launþega eiga að halda hlutverki sínu og stöðu.
- 10) Til að tryggja jafna meðferð við svipaðar aðstæður er nauðsynlegt að tryggja að kröfunum um upplýsingar og samráð, sem mælt er fyrir um í tilskipun 77/187/EBE, sé fullnægt hvort sem ákvörðunin sem leiddi til eigendaskiptanna er tekin af vinnuveitanda eða af fyrirtæki sem vinnuveitandi heyrir undir.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 201, 17.7.1998, bls. 88, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57/1999 frá 30. apríl 1999 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjtið. EB C 274, 1. 10. 1994, bls. 10.

(2) Stjtið. EB C 33, 3. 2. 1997, bls. 81.

(3) Stjtið. EB C 133, 31. 5. 1995, bls. 13.

(4) Stjtið. EB C 100, 2. 4. 1996, bls. 25.

(5) Stjtið. EB L 61, 5. 3. 1977, bls. 26.

(6) Stjtið. EB L 48, 22. 2. 1975, bls. 29. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/56/EBE (Stjtið. EB L 245, 26. 8. 1992, bls. 3).

- 11) Rétt er að skýra að jafnvel þótt aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að afsalshafa séu kynnt öll réttindi og skyldur, sem færast til hans, hefur það ekki áhrif á afsal þeirra réttinda og skyldna, er um ræðir, þótt slíkar upplýsingar séu ekki látnar í té.
- 12) Nauðsynlegt er að skýra við hvaða aðstæður er skylt að veita launþegum upplýsingar þegar fulltrúar launþega eru ekki til staðar.
- 13) Í félagsmálasáttmálanum er viðurkennt mikilvægi þess að berjast gegn hvers konar mismunun, einkum þeirri sem byggist á kynferði, litarhætti, kynþætti, skoðunum og trúarbrögðum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 77/187/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í stað heitis hennar komi eftirfarandi:

„Tilskipun ráðsins 77/187/EBE frá 14. febrúar 1977 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækja eða atvinnurekstrar“.

2. Í stað 1. til 7. gr. komi eftirfarandi:

„I. ÞÁTTUR

Gildissvið og skilgreiningar

1. gr.

1. a) Tilskipun þessi gildir um hvers konar eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækja eða atvinnurekstrar vegna löglegs afsals eða samruna.
- b) Með fyrirvara um a-lið og eftirfarandi ákvæði þessarar greinar, merkja eigendaskipti í skilningi þessarar tilskipunar eigendaskipti á efnahagsheild sem heldur einkennum sínum, þ.e.a.s. heild fjármuna sem er skipulögð í þeim tilgangi að stunda atvinnustarfsemi, hvort sem um er að ræða meginstarfsemi eða stöðstarfsemi.
- c) Tilskipun þessi gildir um einkafyrirtæki og opinber fyrirtæki, sem stunda atvinnustarfsemi, hvort sem er í hagnaðarskyni eða ekki. Endurskipulagning stjórnsýslu hjá opinberu stjórnvaldi eða flutningur stjórnsýsluskyldna milli opinberra stjórnvaldseininga falla ekki undir eigendaskipti í skilningi þessarar tilskipunar.

2. Tilskipun þessi gildir þegar fyrirtæki, atvinnurekstur eða hluti fyrirtækis eða atvinnurekstrar, sem skipta á um eigendur að, er staðsettur innan þess yfirráðasvæðis þar sem sáttmálinn gildir.

3. Tilskipun þessi gildir ekki um hafskip.

2. gr.

1. Í tilskipun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „afsalsgjafi“: einstaklingur eða lögpersóna sem við eigendaskipti í skilningi 1. mgr. 1. gr. hættir að vera eigandi fyrirtækis, atvinnurekstrar eða hluta fyrirtækis eða atvinnurekstrar;
- b) „afsalshafi“: einstaklingur eða lögpersóna sem við eigendaskipti í skilningi 1. mgr. 1. gr. verður eigandi fyrirtækis, atvinnurekstrar eða hluta fyrirtækis eða atvinnurekstrar;
- c) „fulltrúar launþega“ og skyld orðasambönd: fulltrúar þeirra launþega sem gert er ráð fyrir í lögum eða í viðteknum venjum í aðildarríkjunum;
- d) „launþegi“: hver sá einstaklingur sem nýtur verndar sem launþegi í hlutaðeigandi aðildarríki samkvæmt innlendri vinnulöggjöf.

2. Tilskipun þessi gildir með fyrirvara um innlend lög að því er varðar skilgreiningu á ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi.

Þó skulu aðildarríki ekki undanskilja ráðningarsamninga eða ráðningarsambönd gildissviði þessarar tilskipunar einungis vegna:

- a) fjölda unninna eða óunninna vinnustunda,
- b) þess að um er að ræða ráðningarsamband samkvæmt ráðningarsamningi til ákveðins tíma, í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/383/EBE frá 25. júní 1991 til viðbótar ráðstöfunum til að bæta öryggi og hollustuhætti starfsmanna í afleysingarstarfi eða tímabundnu starfi (*), eða
- c) þess að um er að ræða tímabundið ráðningarsamband, í skilningi 2 mgr. 1. gr. tilskipunar 91/383/EBE og fyrirtækið, atvinnureksturinn eða hluti fyrirtækisins eða atvinnurekstrarins, sem skipti um eigendur, er atvinnumiðlun eða hluti atvinnumiðlunar fyrir afleysingafólk sem gegnir hlutverki vinnuveitanda.

II. ÞÁTTUR

Réttur launþega tryggður

3. gr.

1. Við eigendaskiptin færast réttindi og skyldur afsalsgjafa, er tengjast ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi og sem eru fyrir hendi þann dag sem eigendaskiptin fara fram, yfir til afsalshafa.

Aðildarríkin geta kveðið á um að afsalsgjafi og afsalshafi beri, eftir þann dag er eigendaskipti fara fram, sameiginlega og óskipta ábyrgð að því er varðar skuldbindingar sem stofnað var til fyrir þann dag er eigendaskipti urðu og tengjast ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi sem eru í gildi á þeim degi er eigendaskipti verða.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að afsalsgjafi tilkynni afsalshafa um öll þau réttindi og skyldur sem færast yfir til afsalshafa samkvæmt þessari grein, að svo miklu leyti sem afsalsgjafa var eða ætti að hafa verið kunnugt um þessi réttindi og skyldur þegar eigendaskiptin fóru fram. Tilkynni afsalsgjafi afsalshafa ekki um slík réttindi eða skyldur hefur það ekki áhrif á afsal þeirra réttinda eða skyldna né á réttindi hvaða launþega sem er gagnvart afsalshafanum og/eða afsalsgjafanum að því er varðar þau réttindi eða skyldur.

3. Að eigendaskiptum loknum skal afsalshafinn virða þau launakjör og starfsskilyrði, sem samþykkt hafa verið í almennum kjarasamningi, með sömu skilmálum og giltu fyrir afsalsgjafa, þar til samningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda.

Aðildarríkjunum er heimilt að stytta tímabilið sem launakjörum og starfsskilyrðum er haldið óbreyttum enda vari þetta tímabil eigi skemur en eitt ár.

4. a) Ákvæði 1. og 3. mgr. gilda ekki um rétt launþega til bóta vegna elli, örorku eða til eftirlifenda þegar um er að ræða viðbótarlífeyrissjóði fyrir eina eða fleiri starfsstéttir sem eru utan lögskipaðra almannatryggingakerfa í aðildarríkjunum, nema aðildarríkin kveði á um annað.

b) Jafnvel þegar aðildarríki kveða ekki á um, samkvæmt a-lið, að 1. og 3. mgr. gildi að því er varðar slík réttindi skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda hagsmuni launþega og hagsmuni þeirra sem starfa ekki lengur við atvinnurekstur afsalsgjafa á þeim tíma sem gengið er frá eigendaskiptum, varðandi áunninn eða væntanlegan rétt þeirra til bóta vegna elli, að meðtöldum bótum til eftirlifenda, í viðbótarlífeyrissjóðum þeim sem um getur í a-lið.

4. gr.

1. Eigendaskipti að fyrirtæki, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækis eða atvinnurekstrar geta ein sér ekki verið ástæða fyrir uppsögn af hálfu afsalsgjafa eða afsalshafa. Ákvæði þetta skal ekki koma í veg fyrir uppsagnir af efnahagslegum eða tæknilegum ástæðum, eða sem rekja má til skipulagsbreytinga er hafa í för með sér breytingar á starfsmannahaldi.

Aðildarríkin geta kveðið á um að fyrsta undirgrein hér að framan gildi ekki um tiltekna afmarkaða hópa launþega sem falla ekki undir lög aðildarríkjanna eða viðteknar venjur um vernd gegn uppsögnum.

2. Sé ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi rift vegna þess að eigendaskiptin hafi í för með sér verulegar breytingar á vinnuskilyrðum launþega í óhag skal lítið svo á að vinnuveitandinn beri ábyrgð á riftun ráðningarsamningsins eða ráðningarsambandsins.

4. gr. a.

1. Kveði aðildarríkin ekki á um annað gilda 3. og 4. gr. ekki um eigendaskipti að fyrirtæki, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækis eða atvinnurekstrar ef afsalsgjafi er tekinn til gjaldþrotaskipta eða hliðstæðrar gjaldþrotameðferðar vegna ógjaldfærni sem hafin var með skiptameðferð á eignum afsalsgjafa fyrir augum og sem er í umsjón lögbærra stjórnvalda (sem getur verið skiptastjóri sem viðurkenndur er af lögbærum stjórnvöldum).

2. Þegar 3. og 4. gr. gilda um eigendaskipti meðan á gjaldþrotameðferð stendur, sem var hafin vegna afsalsgjafa (hvort sem meðferðin hefur verið hafin með skiptameðferð á eignum afsalsgjafa fyrir augum eða ekki) og að því tilskildu að slík meðferð sé undir stjórn lögbærra stjórnvalda (sem getur verið skiptastjóri sem er ákveðinn samkvæmt landslögum) er aðildarríki heimilt að kveða á um að:

a) þrátt fyrir 1. mgr. 3. gr. skuli skuldir afsalsgjafa vegna hvers konar ráðningarsamninga eða ráðningarsambanda, sem koma til greiðslu fyrir eigendaskiptin eða áður en gjaldþrotameðferð hefst, ekki færast yfir á afsalshafa, að því tilskildu að slík meðferð leiði, samkvæmt lögum aðildarríkisins, til verndar sem er að minnsta kosti jafngild þeirri sem kveðið er á um varðandi aðstæður sem falla undir tilskipun ráðsins 80/987/EBE frá 20. október 1980 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd til handa launþegum verði vinnuveitandi gjaldþrota (**),

og, eða að öðrum kosti, að

b) afsalshafa, afsalsgjafa eða einstaklingi eða einstaklingum sem gegna hlutverki afsalsgjafa annars

vegar og fulltrúum launþega hins vegar sé heimilt, samræmist það gildandi lögum og viðteknum venjum, að samþykkinga breytingar á launakjörum og starfsskilyrðum launþega, sem er ætlað að standa vörð um atvinnutækifæri með því að tryggja að fyrirtæki, atvinnurekstur eða hluti fyrirtækis eða atvinnurekstrar haldi velli.

3. Aðildarríki er heimilt að beita b-lið 2. mgr. við eigendaskipti ef afsalsgjafi á í alvarlegum fjárhagsörðugleikum, eins og þeir eru skilgreindir í landslögum, að því tilskildu að lögbær stjórnvöld lýsi yfir slíku ástandi og að dómstólar geti haft eftirlit með því, og með því skilyrði að slík ákvæði hafi þegar verið til staðar í innlendum lögum fyrir 17. júlí 1998.

Frankvæmdastjórnin skal leggja fram skýrslu um áhrif þessa ákvæðis fyrir 17. júlí 2003 og leggja viðeigandi tillögur fyrir ráðið.

4. Aðildarríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að gjaldprotameðferð sé ekki misnotuð í þeim tilgangi að svifta launþega þeim réttindum sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

5. gr.

1. Að svo miklu leyti sem fyrirtæki, atvinnurekstur eða hluti fyrirtækis eða atvinnurekstrar heldur sjálfstæði sínu skulu fulltrúar eða fulltrúanefnd þeirra launþega, sem eigendaskiptin snerta, halda réttarstöðu sinni og starfi, með sömu launakjörum og starfsskilyrðum og áður en eigendaskiptin áttu sér stað, samkvæmt lögum, stjórnslufyrirmælum eða samningi, að því tilskildu að nauðsynlegum skilyrðum fyrir skipan fulltrúanefndar launþega sé fullnægt.

Ákvæði fyrstu undirgreinar gilda ekki ef nauðsynlegum skilyrðum fyrir nýrri útnefningu fulltrúa launþega eða nýrri skipan fulltrúanefndar launþega er fullnægt samkvæmt lögum og stjórnsluákvæðum aðildarríkjanna eða viðteknum venjum þar eða með samningi við fulltrúa launþega.

Ef afsalsgjafi er tekinn til gjaldþrotaskipta eða hliðstæðrar gjaldþrotameðferðar vegna ógjaldfærni, sem hafin var með skiptameðferð á eignum afsalsgjafa fyrir augum og sem er í umsjón lögbærra stjórnvalda (sem getur verið skiptastjóri sem viðurkenndur er af lögbærum stjórnvöldum), er aðildarríkjum heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að tilhlýðilegt forsvar sé haft fyrir launþegum, sem fylgt hafa við eigendaskipti, fram að nýjum kosningum eða nýrri skipan fulltrúa launþega.

Haldi fyrirtæki, atvinnurekstur eða hluti fyrirtækis eða atvinnurekstrar ekki sjálfstæði sínu skulu aðildarríkin gera

nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að haft sé áfram tilhlýðilegt forsvar fyrir launþegum, sem fylgt hafa við eigendaskipti og haft var forsvar fyrir áður en eigendaskiptin áttu sér stað, í þann tíma sem nauðsynlegur er til að ný útnefning eða ný skipan fulltrúanefndar launþega megi fara fram í samræmi við landslög og viðtekna venjur.

2. Missi fulltrúar þeirra launþega, sem eigendaskipti snerta, umboð sitt vegna eigendaskiptanna skulu fulltrúarnir áfram njóta verndar þeirrar sem kveðið er á um í lögum og stjórnslufyrirmælum eða samkvæmt viðteknum venjum í aðildarríkjum.

III. ÞÁTTUR

Upplýsingar og samráð

6. gr.

1. Þess skal krafist af afsalsgjafa og afsalshafa að þeir upplýsi fulltrúa launþega, sem eigendaskipti snerta, um eftirfarandi:

- dagsetningu eða fyrirhugaða dagsetningu eigendaskiptanna,
- ástæðuna fyrir eigendaskiptunum,
- lagalegar, efnahags- og félagslegar afleiðingar eigendaskiptanna fyrir launþegana,
- fyrirhugaðar ráðstafanir vegna launþega.

Afsalsgjafinn skal veita fulltrúum launþega sinna slíkar upplýsingar með góðum fyrirvara áður en af eigendaskiptum verður.

Afsalshafinn skal veita fulltrúum launþega sinna slíkar upplýsingar með góðum fyrirvara og hvernig sem á stendur áður en eigendaskipti fara að hafa bein áhrif á starfs- og ráðningarskilyrði launþega.

2. Hafi afsalsgjafinn eða afsalshafinn í huga að gera ráðstafanir vegna launþega sinna skal hann ráðfæra sig við fulltrúa launþega með góðum fyrirvara í því skyni að ná samkomulagi um þær.

3. Þau aðildarríki, þar sem kveðið er á um í lögum og stjórnslufyrirmælum að fulltrúum launþega sé heimilt að snúa sér til gerðardóms til að fá skorið úr um þær ráðstafanir sem gerðar eru vegna launþega, geta takmarkað þær skuldbindingar, sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr., við eigendaskipti er leiða til breytinga á rekstrinum og líklegt er að verði til verulegs óhagræðis fyrir talsverðan hluta launþeganna.

Upplýsingarnar og samráðið skal að minnsta kosti taka til þeirra ráðstafana sem fyrirhugaðar eru varðandi launþegana.

Skylt er að veita upplýsingar og hefja samráð með góðum fyrirvara áður en þær breytingar á rekstrinum, sem um getur í fyrstu undirgrein, koma til framkvæmda.

4. Skuldbindingarnar sem mælt er fyrir um í þessari grein skulu gilda hvort sem ákvörðunin, sem leiddi til eigendaskiptanna, var tekin af vinnuveitanda eða af fyrirtæki sem vinnuveitandi heyrir undir.

Að því er varðar meint brot á kröfum um upplýsingar og samráð, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, eru ekki tekin gild þau rök að slíkt brot hafi átt sér stað vegna þess að fyrirtækið, sem vinnuveitandinn heyrir undir, hafi ekki látið upplýsingar í té.

5. Aðildarríkjum er heimilt að takmarka þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 3. mgr. við fyrirtæki eða atvinnurekstur sem uppfylla skilyrði fyrir kosningu eða útnefningu sameiginlegrar nefndar, sem kemur fram fyrir hönd launþega, að því er varðar starfsmannafjölda.

6. Aðildarríki skulu kveða á um að í fyrirtækjum eða atvinnurekstri þar sem launþegar eiga enga fulltrúa, án þess að eiga sjálfir neina sök þar á, skuli hlutaðeigandi launþegum tilkynnt fyrirfram um:

- dagsetningu eða fyrirhugaða dagsetningu eigendaskiptanna,
- ástæðuna fyrir eigendaskiptunum,
- lagalegar, efnahags- og félagslegar afleiðingar eigendaskiptanna fyrir launþegana,
- fyrirhugaðar ráðstafanir vegna launþega.

IV. ÞÁTTUR

Lokaákvæði

7. gr.

Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkjanna til að beita eða koma á lögum eða stjórnsýslufyrirmælum sem eru launþegum hagstæðari eða að stuðla að eða heimila kjarasamninga eða samninga milli aðila vinnumarkaðarins sem eru launþegum hagstæðari.

7. gr. a

Aðildarríki skulu fella inn í réttarkerfi sin nauðsynlegar ráðstafanir til að allir launþegar og fulltrúar launþega, sem

telja að gengið hafi verið á þeirra hlut með því að skuldbindingum er leiða af þessari tilskipun hafi ekki verið fullnægt, geti leitað fullnustu krafna sinna með málarekstri eftir að málinu kann að hafa verið skotið til annarra lögbærra yfirvalda.

7. gr. b

Framkvæmdastjórnin skal leggja fyrir ráðið greiningu á áhrifum ákvæða þessarar tilskipunar fyrir 17. júlí 2006. Hún skal leggja til hvers konar breytingar sem kunna að virðast nauðsynlegar.

(*) Stjtið. EB L 206, 29. 7. 1991, bls. 19.

(**) Stjtið. EB L 283, 20. 10. 1980, bls. 23. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 87/164/EBE (Stjtið. EB L 66, 11. 3. 1987, bls. 11).“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 17. júlí 2001 eða tryggja að fulltrúar vinnuveitenda og launþega hafi sett í samning ákvæðin sem krafist er fyrir þann dag í síðasta lagi, en aðildarríkin eru skyldug til að gera nauðsynlegar ráðstafanir svo þau geti ætíð ábyrgst niðurstöðurnar sem þessi tilskipun hefur í för með sér.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja ákvæðin sem um getur í 1. mgr. skal vera í þeim tilvisun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvisun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin setja reglur um slíka tilvisun.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni þegar í stað um þær ráðstafanir sem þau gera til framkvæmdar tilskipun þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 29. júní 1998.

Fyrir hönd ráðsins,

R. COOK

forseti.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/50/13

nr. 58/1999
frá 30. apríl 1999

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/1999 frá 26. mars 1999⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/634/EB frá 2. október 1998 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir rúmdýnur⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr:

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 2el (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/703/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„2em. **398 D 0634:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/634/EB frá 2. október 1998 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir rúmdýnur (Stjtið. EB L 302, 12.11.1998, bls. 31).“

2. gr:

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 98/634/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr:

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr:

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 30. apríl 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

F. Barbato

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 266, 19.10.2000, bls. 52 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 46, 19.10.2000, bls. 277.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 302, 12.11.1998, bls. 31.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**frá 2. október 1998****um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir rúmdýnur
(tilkynnt með númeri C(1998) 2919)(*)**

(98/634/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 880/92 frá
23. mars 1992 um kerfi um veitingu vistmerkis EB ⁽¹⁾, einkum
annarri undirgrein 1. mgr. 5. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Í fyrstu undirgrein 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 segir
að skilyrði fyrir veitingu vistmerkisins (umhverfismerkisins) skuli
ákvæðin fyrir hvern framleiðsluflokk (vörflokk) um sig.Í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 segir að meta skuli
áhrif vöru á umhverfið með hliðsjón af tilteknum viðmiðunum
fyrir vörflokka.Í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 hefur
framkvæmdastjórnin haft samráð við helstu hagsmunaaðila með
samráðsfundum.Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í
samræmi við álit nefndarinnar sem var sett á laggirnar samkvæmt
7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr:*Vörflokkurinn „rúmdýnur“ (hér á eftir kallaður
„vörflokkurinn“) er skilgreindur þannig:Vörur með fleti til að sofa eða hvílast á úr veri úr sterku
áklæði sem er fyllt með ýmsum efnum og má setja ofan á
rúmgrind með botni sem fyrir er.Þar með eru taldar springdýnur á grind, sem eru skilgreindar
sem bólstraður rúmbotn sem í eru gormar með fyllingarefni
ofan á, festir á stífa grind, til nota í rúmgrind eða frístandandi,
ásamt yfirdýnu sem er ekki ætluð til nota ein sér.

Vindsængur og vatnsdýnur eru undanskildar.

*2. gr:*Meta skal umhverfisáhrif og notagildi vörflokksins sem er
skilgreindur í 1. gr. með hliðsjón af þeim sérstöku vistfræði- og
notagildisviðmiðunum sem eru settar fram í viðaukanum.*3. gr:*Skilgreiningin á vörflokknum og viðmiðanirnar fyrir vörflokkinn
skulu gilda til þriggja ára frá þeim degi sem þessi ákvörðun kemur
til framkvæmda.(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 302, 12.11.1998, bls. 31, var nefnd
í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/1999 frá 30. apríl 1999
um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa
útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjtið. EB L 99, 11. 4. 1992, bls. 1.

4. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „014“ notað fyrir vörflokkinn.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 2. október 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ritt BJERREGAARD

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Til að geta fengið umhverfismerki verður vara í vöruflokknum, eins og hann er skilgreindur í 1. gr., að vera í samræmi við viðmiðanirnar í þessum viðauka, samkvæmt prófunum sem gerðar eru eins og segir fyrir um í viðmiðununum. Þar sem engar prófanir eru tilgreindar ber þar til bærnum stofnunum að byggja, eftir því sem við á, á yfirlýsingum og gögnum sem umsækjandi lætur í té og/eda óháðum sannprófunum.

Mælt er með því að til þess bærar stofnanir taki tillit til beitingar viðurkenndra umhverfisstjórnunarkerfa, svo sem EMAS eða ISO 14001, við mat á umsóknum og eftirlit með því að farið sé eftir viðmiðunum í þessum viðauka.

Starfseining

Sú starfseining sem miða ber ílag og frálág við er:

1 m² af dýnu

A. VISTFRÆÐILEGAR VIÐMIÐANIR

A1. HRÁEFNI

Í þessum þætti, A1, eru settar sérstakar viðmiðanir fyrir latexkvoðu, pólýúretankvoðu, vír og gorma, kókostrefjar og við. Heimilt er að nota önnur efni sem efnisbundnar viðmiðanir hafa ekki verið settar um. Öll efni, sem eru notuð, verða að vera í samræmi við viðmiðanirnar í þætti A2 um notkun leysilíta, fastlíta og logavarnarefna. Umsækjandi skal láta í té nákvæmar upplýsingar um efnasamsetningu dýnanna.

Aðeins þarf að fylgja sérstökum viðmiðunum fyrir latexkvoðu, pólýúretankvoðu eða kókostrefjar, sem settar eru í þessum þætti, A1, ef efnið nemur meira en 5% af heildarþyngd dýnunnar.

Latexkvoða

1. Magn eftirtalinna efna í latexkvoðu verður að vera minna en viðmiðunargildin hér á eftir gefa til kynna:

1. a) Pentaklórfenól (sölt þess og estrar): 0,1 mh

Prófunaraðferð: Mólun á 5 g sýni, útdráttur á pentaklórfenóli (PCP) eða natriumsalti.

Greining með gasgreiningu (GC), tilvist efnis staðfest með massageini eða rafeindahremmingu.

1. b) Útdraganlegir þungmálmur:

arsen	0,5 mh
blý	0,5 mh
kadmíum	0,1 mh
króm (alls)	1,0 mh
kóbalt	0,5 mh
kopar	2,0 mh
nikkel	1,0 mh
kvikasilfur	0,02 mh

Prófunaraðferð: Útdráttur á móludu sýni samkvæmt DIN 38414-S4, L/S = 10.

Siun með 0,45 µm himnusiu.

Greining með litrófsmælingu á útgeislun frumeinda í spanafhleðslu (ICP-AES) eða með hýdríð- eða kaldgufutækni.

1. c) Útdraganlegt formaldehyð: 50 mh

Prófunaraðferð: Samkvæmt japönsku aðferðinni „Law 112“ (1973) eða prEN/ISO-staðli 14184-1.

1 g sýni í 100 g af vatni er hitað að 40°C í eina klukkustund. Gerð er ljósmæligreining á formaldehyði í útdrættinum með asetýlasetoni.

1. d) Bútadíen: 1 mh

Prófunaraðferð: Mólun og vigtun sýnis.

Sýnataka með búnaði sem safnar rokgjörnum efnum yfir sýni (headspace sampler).

Greining með gasgreiningu, tilvist efnis staðfest með logajónunarnema.

Pólýúretankvoða (PUR)

2. Magn eftirtalinna efna í pólýúretankvoðu verður að vera minna en viðmiðunargildin hér á eftir gefa til kynna:

2. a) Útdraganlegir þungmálmur:

arsen	0,5 mh
blý	0,5 mh
kadmíum	0,1 mh
króm (alls)	1,0 mh
kóbalt	0,5 mh
kopar	2,0 mh
nikkel	1,0 mh
kvikasilfur	0,02 mh

Prófunaraðferð: Útdráttur á móludu sýni samkvæmt DIN 38414-S4, L/S = 10.

Siun með 0,45 µm himnusiu.

Greining með litrófsmælingu á útgeislun frumeinda í spanafhleðslu (ICP-AES) eða með hýdríð- eða kaldgufutækni.

2. b) Magn tins (í lífrænu formi) má ekki vera meira en 900 mh.

Prófunaraðferð: Sýnameðferð í samræmi við NEN 6465 eða ISO-DIS-staðal 11466 (drög að alþjóðastaðli) eða jafngildan staðal (sýnið er malað og soðið í tvær klukkustundir í HCl/HNO₃ (kóngavatni)).

Greining í samræmi við NEN 6465 eða ISO-DIS-staðal 11466 (drög að alþjóðastaðli) eða jafngildan staðal, með atómgleypnilitrófgreiningu (AAS), kaldgufutækni (CVAAS) fyrir Hg; litrófsmæling á útgeislun frumeinda í spanafhleðslu (ICP-AES) fyrir aðra þungmálma.

3. Ekki skal nota CFC, HCFC, HFC eða metýlenklóríð sem þanefni né hjálparþanefni. Notkun metýlenklóríðs sem hjálparþanefnis er þó leyfð í tengslum við beitingu logavarnarefna í duftformi.

Vír og gormar

4. Ef notuð eru lífræn leysiefni við fituhreinsun og/eða hreinsun á vírum og/eða gormum verður að nota lokað hreinsunar-/fituhreinsunarkerfi.
5. Gormar mega ekki vera galvaniseraðir.

Kókostrefjar

6. Ef kókostrefjaefnið er gúmborið verður latexíð, sem notað er, að vera í samræmi við viðmiðanirnar sem eiga við um latexkvoðu.

Efni úr viði

7. Sérhver fjöl, sem er notuð, verður að vera í 1. gæðaflokki að því er varðar formaldehýð, eins og skilgreint er í EN 312-1.

Sérhver trefjaplata, sem er notuð, verður að vera í gæðaflokki A að því er varðar formaldehýð, eins og skilgreint er í EN 622-1.

A2. EFNI OG EFNABLÖNDUR

Lím

8. Allt lím sem er notað verður að innihalda minna en 10% rokkgjarnra lífrænna efnasambanda miðað við þyngd. Þessi viðmiðun gildir ekki um lím sem er notað öðru hverju til viðgerða.

Rokgjörn lífræn efnasambönd eru hvert það lífrænt efnasamband sem við 293,15 K hefur gufuþrýsting sem er 0,01 kPa eða meiri eða er rokkgjarnt í svipuðum mæli við þær notkunaraðstæður sem um ræðir.

9. Lím, sem er notað, má hvorki innihalda bensen né klórbensen.

Leysilitir og fastlitir

10. Óheimil er notkun asólita sem geta klofnað í eitthvert eftirtalinna arómatískra amina:

4-aminódifenýl	(92-67-1)
bensidín	(92-87-5)
4-klór- o-tólúidín	(95-69-2)
2-naftýlamín	(91-59-8)
o-aminó-asótólúen	(97-56-3)
2-aminó-4-nitrótólúen	(99-55-8)
p-klóranilín	(106-47-8)
2,4-diamínóanisól	(615-05-4)
4,4'-diamínódifenýlmetan	(101-77-9)
3,3'-diklórbensidín	(91-94-1)
3,3'-dimetoxýbensidín	(119-90-4)
3,3'-dimetýlbensidín	(119-93-7)
3,3'-dimetýl-4,4'-diamínódifenýlmetan	(838-88-0)
p-kresidín	(120-71-8)
4,4'-metýlen-bis-(2-klóranilín)	(101-14-4)
4,4'-oxýdianilín	(101-80-4)

4,4'-bíódíanílin	(139-65-1)
<i>o</i> -tólúidín	(95-53-4)
2,4'-díamínótólúen	(95-80-7)
2,4,5-trímetylánilín	(137-17-7)
4-amínóasóbensen	(60-09-3)
<i>o</i> -anísidín	(90-04-0)

11. Óheimilt er að nota eftirtalda leysiliti, sem eru krabbameinsvaldandi (2. flokkur eins og hann er skilgreindur í tilskipun ráðsins 67/548/EBE ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/69/EBE ⁽²⁾):

C.I. Solvent Yellow 1
C.I. Solvent Yellow 2
C.I. Solvent Yellow 3
C.I. Basic Red 9
C.I. Disperse Blue 1

12. Eftirtalda leysiliti, sem kunna að vera næmandi, skal aðeins nota ef heldni gagnvart svita (sýru og basa) nemur að minnsta kosti 4:

C.I. Disperse Blue 3
C.I. Disperse Blue 35
C.I. Disperse Blue 106
C.I. Disperse Blue 124
C.I. Disperse Yellow 3
C.I. Disperse Orange 3
C.I. Disperse Orange 37/76
C.I. Disperse Red 1

Prófunaraðferð: Samkvæmt ISO-staðli 105-E04: Litheldni gagnvart svita (sýru og basa), að minnsta kosti stig 4. Prófunar er aðeins krafist ef þessir leysilitir eru notaðir.

13. Óheimil er notkun leysilíta eða fastlíta sem byggjast á krómi, kopar, nikkeli eða blýi. Litun með krómlitfesti er óheimil.

14. Magn jónaðra óhreininda í leysilitunum má ekki fara upp fyrir eftirtalin gildi:

arsen	50 mh
kadmíum	20 mh
króm	100 mh
kopar	250 mh
kvikasilfur	4 mh
nikkel	200 mh
blý	100 mh
antímon	50 mh
tin	250 mh
sink	1 500 mh

⁽¹⁾ Stjtið. EB 196, 16. 8. 1967, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 343, 13. 12. 1997, bls. 19.

15. Magn jónaðra óhreininda í fastlitunum má ekki fara upp fyrir eftirtalin gildi:

arsen	250 mh
kadmíum	50 mh
króm	100 mh
kvikasilfur	25 mh
blý	100 mh
antímon	250 mh
sink	1 000 mh

ATH: Öll efni, sem eru notuð í dýnuna, verða að vera í samræmi við viðmiðanir um leysiliti og fastliti (viðmiðanir 10, 11, 12, 13, 14 og 15). Endurunnin efni, sem eru notuð í dýnuna, mega engu að síður innihalda leysilitina og fastlitina sem hér eru útilokaðir, þó aðeins ef þeim er bætt við í fyrri framleiðsluferli efnisins.

Logavarnarefni

16. Óheimil er með öllu notkun logavarnarefna eða -efnablandna sem innihalda efni sem eru flokkuð eða má flokka sem hættuleg umhverfinu samkvæmt tilskipun ráðsins 67/548/EBE ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/69/EBE ⁽²⁾.

ATH: Öll efni, sem eru notuð í dýnuna, verða að vera í samræmi við þessa viðmiðun. Endurunnin efni, sem notuð eru í dýnuna, mega samt sem áður innihalda logavarnarefni sem hér eru útilokuð, þó aðeins ef þeim var bætt við í fyrri framleiðsluferli efnanna.

B. NOTAGILDISVIÐMIÐANIR

Slitþol

17. Þykktartap verður að vera innan við 20 mm.

Þéttleikatap (H_s) verður að vera innan við 20 %.

Prófunaraðferð: prEN 1957 (lokadrög, janúar 1997). Þykktar- og þéttleikatap visar til mismunarins á mælingum sem gerðar eru í upphafi (eftir 100 prófunarferli) og að slitþolsprófinu loknu (eftir 30 000 prófunarferli).

⁽¹⁾ Stjtið. EB 196, 16. 8. 1967, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 343, 13. 12. 1997, bls. 19.